25. HARMUR KISA.

Frásögn Guðmundar Valdemarssonar
málara af kettinum sem framdi
sjálfsmorð.

1 blað.

25. HARMUR KISA.

Frásögn Guðmundar Valdemarssonar málara af kettinum sem framdi sjálfsmorð.

1 blað.

Guðmundur Valdemarsson málari ólst upp í Hull í England til fermingar-aldurs og hefir hann sagt mér frá því, er hér fer á eftir.

Ekkjan Mrs Lindford í Lincoln Shire átti lítinn og lipran hest, sem hún ávalt beitti fyrir kerru sinni, þá er hún ók eitthvað út úr borginni. Mrs Lindford átti einnig ladinn kött og tókst brátt einlæg og góð vinátta milli hestsins og kattarins, svo, að kötturinn svaf ávalt í bæli hestsins í útihúsi einu, heimkynni hestsins og ávalt þá er frúin ók í kerru sinni með hestinum fyrir, varð hún að taka köttinn með sér, hvert sem farið var. Sat kisi þá ávalt þannig, að hann sæi vin sinn: því máttu hvorugur af öðrum sjá.

En svo kom að því, að hesturinn félli frá. Brá þá svo við, að kisi undi sér hvergi, nærðist ekki á neinu sem honum var boðið, en leitaði í dyrunum og skygndist um að hinum horfna vini sínum. Loks tók hann það til ráðs, að hann labbaði út að járnbrautinni, skammt frá heimili þeirra, lagðist þvert yfir járnbrautarteininn og lét þannig járnbrautarlestina keyra yfir sig.